

Fiskabúrið
Þverá Vatnsfirði
451 Patreksfjörður

19. desember 2017
UST201710-152/E.K.E.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi fyrir flutningum gáma í Vatnsfirði - synjun

Umhverfisstofnun vísar til erindis Fiskabúrsins, dags. 17. október 2017, vegna fyrirhugaðs flutnings á gámum að fiskeldinu við Þverá í Vatnsfirði. Einnig er vísað til svarbréfs Umhverfisstofnunar, dags. 16. nóvember 2017, þar sem umsækjanda var tilkynnt um áform stofnunarinnar um synjun leyfisbeiðnarinnar. Í því bréfi var umsækjanda tilkynnt um rétt til andmæla við áformin. Engin frekari gögn bárust.

Áhrifamat og rökstuðningur

Vatnsfjörður er friðland sbr. auglýsingu nr. 96/1975. Mannvirkjagerð, jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu í friðlandinu. Tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda náttúru landsins á þann hátt að fólki gefist kostur á að njóta hennar.

Í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 eru starfsmannabúðir skilgreindar sem færanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks til skamms tíma í senn vegna atvinnustarfsemi. Ekki liggur ljóst fyrir hve lengi rekstraráðilar hafa hugsað sér að nýta úrræðið sem tímabundnar vinnubúðir. Núgildandi rekstrarleyfi umsóknaraðila er í gildi til 2021 og leiða má líkum að því að í raun sé um ríflega 90 fm íbúðarhúsnæði að ræða.

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir að þegar starfsemi kallar á tímabundna staðsetningu starfsmannabúða skv. skilgreiningu ofangreindrar reglugerðar um hollustuhætti skuli í deiliskipulagi m.a. gera grein fyrir tímamörkum og frágangi svæðis eftir að búðirnar hafi verið fjarlægðar o.fl. eftir atvikum. Svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt en í aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 kemur fram að á iðnaðarsvæðum þar sem gert er ráð fyrir m.a. starfsemi sem geti haft í för með sér mengun s.s. fiskeldisstöðvar, séu íbúðir ekki heimilar. Fiskeldið að Þverá er ekki skilgreint sem iðnaðarsvæði í núgildandi, fyrrnefndu aðalskipulagi en vinna er hafin við nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins.

Uppbygging friðlýstra svæða skal eftir fremsta megni styðja við verndun tiltekins svæðis og í tilfalli Vatnsfjarðar eru forsendurnar þær að almenningur geti notið náttúrunnar ásamt því sem hefðbundnar nytjar eru leyfðar. Stefnumótun varðandi innviðauppbbyggingu þarf því að þjóna þeim þáttum. Umhverfisstofnun telur framkvæmdina ekki samræmast þeim náttúruverndarsjónarmiðum er liggja að baki friðlýsingu Vatnsfjarðar og að vinnubúðir sem þessar þurfi að staðsetja utan friðlandsmarka.

Athafnasvæðið við fiskeldið að Þverá er skammt innan marka friðlandsins Vatnsfjarðar og því það fyrsta sem blasir við þeim er leið eiga um það úr vesturátt. Umhverfisstofnun telur að vinnubúðir við friðlandsmörk geti haft neikvæð sjónræn áhrif við innkomu inn í friðlandið og dragi þannig úr möguleikum friðlandsins til að er að vernda náttúru svæðisins á þann hátt að fólki gefist kostur á að njóta hennar. Þó að jarðrask og truflun á dýralífi vegna framkvæmdanna teljist óverulegt telur stofnunin framkvæmdina ekki til þess fallna að viðhalda né styrkja verndargildi svæðisins. Þá leggur stofnunin almennt áherslu á að draga úr neikvæðum áhrifum, þ.m.t. sjónrænum á náttúruverndarsvæðum eins og því verður framast við komið. Enn fremur liggur ekki ljóst fyrir hvort umsókn um fyrirhugaðar framkvæmdir samræmist þeim lögum og reglum er gilda um starfsmannabúðir skv. skilgreiningum þeim er vitnað er í hér að ofan.

Synjun

Beiðni Fiskabúrsins um uppsetningu sjö gáma í friðlandinu Vatnsfirði er hafnað.

Ákvörðunin er kæránleg til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og kærheimild 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst

Edda Kristín Eiríksdóttir
Edda Kristín Eiríksdóttir
Sérfræðingur

Sigrún Agústsdóttir
Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri